



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um lagalegar hliðar þess að hefja ekki þjónustu við þau sem eiga samþykka umsókn um NPA

Þann 20. september 2023 lagði fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um lagalegar hliðar þess að hefja ekki þjónustu við þau sem eiga samþykka umsókn um NPA:

Fyrirspurn um lagalegar hliðar þess að hefja ekki þjónustu við þau sem eiga NPA umsókn samþykka. Enginn á að þurfa að bíða til lengdar eftir þjónustu eða stuðningi. NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð) er lögbundin þjónusta. Nú eru borgarbúar sem bíða eftir því að NPA geti hafist. Mikil umræða hefur átt sér stað um fjármögnun, m.a. vegna kostnaðarskiptingar á milli ríkis og sveitarfélaga. Spurt er hvort að Reykjavíkurborg sé lagalega stætt á því að hefja ekki NPA við þau sem eiga samþykka umsókn og bíða eftir því að þjónusta geti hafist.

Svar:

Reykjavíkurborg ber lagalega skyldu til að hefja þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) við þá einstaklinga sem eiga samþykka umsókn og bíða eftir svari ef fyrir liggur að 25% mótframlag af kostnaði vegna samninga verði lagt til af hálfu ríkisins.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir á einstaklingur rétt á á notendastýrðri persónulegri aðstoð hafi hann mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, svo sem við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi. Aðstoðin skal vera skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans. Ef notandinn á erfitt með að annast verkstjórn vegna fötlunar sinnar skal hann eiga rétt á aðstoð við hana. Aðstoðin skal um leið vera heildstæð þar sem þjónustukerfi félags-, heilbrigðis- og menntamála samhæfa aðstoð sína í þágu þess sem nýtur hennar.

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 veita sveitarfélögum ákveðið svigrúm til að meta, miðað við aðstæður hverju sinni, hvers konar þjónustu þau veita fötluðu fólki í samræmi við markmið laganna sem koma fram í 1. gr. þeirra og hvernig aðgengi fatlaðs fólks að þeirri þjónustu skuli tryggt. Ekki er unnt að ráða af lögunum nema að litlu leyti hver hinn efnislegi réttur íbúa sveitarfélags er í þessum efnum þar sem hann ræðst aðallega af ákvörðun hvers sveitarfélags. Í samræmi við ákvæði 78. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er sveitarfélögum tryggður sjálfstjórnarréttur og í honum felst m.a. það að sveitarfélög ráða hvernig útgjöldum er forgangsraðað í samræmi við lagaskyldur og áherslur hverju sinni. Stjórnarskráin leggur ekki ríkari eða víðtækari skyldur á herðar sveitarfélögum í þessum efnum heldur en mælt er fyrir um í fyrrnefndum sérlögum.



Reykjavíkurborg hefur samþykkt reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Ef umsækjandi um þjónustuna uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í reglunum er réttur til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar viðurkenndur og umsókn samþykkt. Umsóknin er þá sett á biðlista þar sem forgangsörðun er ákveðin með hliðsjón af aðstæðum allra umsækjenda.

Með vísan til framangreinds er Reykjavíkurborg því heimilt að forgangsraða umsækjendum með hliðsjón af því fjármagni sem ákveðið er til ráðstöfunar vegna þjónustunnar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins ár hvert. Auk þess kemur fram í bráðabirgðaákvæði nr. 1 í lögunum að á innleiðingartímabilinu, sem stendur út árið 2024, veiti ríkissjóður framlag til sveitarfélaga vegna ákveðins fjölda samninga og því er jafnframt tekið mið af þeirri ákvörðun ríkisins hvað varðar ákvörðun um fjölda samninga.

NPA samningum í Reykjavík fjölgaði nýverið um 14 þegar velferðarráð samþykkti tillögu sviðsstjóra að fjölgun samninga 4. október sl. og borgarráð staðfesti samþykktina á fundi þann 19. október sl.

Þegar þessir nýju samningar hafa tekið gildi verða NPA samningar í Reykjavík alls 41 talsins.